

		Tegund ökutækis	Fastanúmer ökutækis
		Dagsetning kaupsamnings	Kaupverð ökutækis
Kennitala seljanda	Kennitala meðeiganda	Kennitala kaupanda	Kennitala meðeiganda / umráðamanns
<b>Seljandi þarf að vera skráður eigandi - Seljandi, kaupandi og meðeigandi verða að vera orðnir 18 ára (sjá leiðbeiningar)</b>			
Nafn seljanda		Nafn kaupanda	
Heimilisfang seljanda		Heimilisfang kaupanda	
Netfang seljanda / Sími		Netfang kaupanda / Sími	
Nafn meðeiganda		Nafn <input type="checkbox"/> meðeiganda / <input type="checkbox"/> umráðamanns	
<b>Notkunarflokkur - Bílaleigubifreið</b>		<b>Tilgreina skal tryggingarfélag kaupanda / umráðamanns</b>	
<input type="checkbox"/> Þess er óskað að bifreiðin skráist úr notkunarflokknum "Bílaleigubifreið" í "Almenn notkun"		80 <input type="checkbox"/> Sjóvá-Álmennar tryggingar hf.	70 <input type="checkbox"/> Tryggingamiðstöðin hf
		90 <input type="checkbox"/> Vátryggingafélag Íslands hf.	10 <input type="checkbox"/> Vörður tryggingar hf
		98 <input type="checkbox"/> Eftirvagn / tengitæki á tryggingu ökutækis	<input type="checkbox"/>
<b>Seljandi, kaupandi, meðeigandi og umráðamaður skulu undirrita beiðnina - Ef undirritað er fyrir hönd aðila þarf umboð (sjá leiðbeiningar)</b>			
Undirskrift seljanda		Undirskrift kaupanda	
.....		.....	
Undirskrift meðeiganda		Undirskrift meðeiganda / umráðamanns	
.....		.....	
<b>Vitundarvottar þurfa að vera orðnir 18 ára.</b>			
Vitundarvottar að undirskrift		Vitundarvottar að undirskrift	
Kt.		Kt.	

## AFHENDA SKAL UMFERÐARSTOFU FRUMRIT TILKYNNINGAR UM EIGENDASKIPTI AÐ ÖKUTÆKI

### LEIÐBEININGAR VIÐ TILKYNNINGU UM EIGENDASKIPTI AÐ ÖKUTÆKI

**Aldur:** Ef seljandi, kaupandi eða meðeigandi er yngri en 18 ára skal afla samþykkis sýslumanns fyrir kaupum/sölu, samkvæmt löggræðislögum.

**Bifreiðagjald:** Samkvæmt lögum um bifreiðagjald eru eigendaskipti ekki skráð nema gjaldfallin bifreiðagjöld séu greidd (gjald dagar eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert). Sá sem er skráður eigandi á gjalddaga ber ábyrgð á greiðslu gjaldanna jafnvel þótt tilkynning um sölu ökutækis hafi verið móttækin á skoðunarstofu fyrir gjalddaga. Ef óskað er skráningar á eigendaskiptum fyrir gjalddaga verður tilkynning að hafa borist Umferðarstofu fyrir gjalddaga og hún verður að vera skráningarhaf.

**Efni umboðs:** Ef tilkynning um eigendaskipti er undirritað fyrir hönd kaupanda/seljanda eftir umboði skal umboði fylgja tilkynningunni. Í umboði skal koma fram nafn og kennitala umboðsmanns, fastanúmer ökutækis, dagsetning umboðs og undirritun umboðanda. Tvo vitundarvotta þarf að undirritun umboðanda og skulu þeir vera orðnir 18 ára.

**Eigendaskipti vegna andláts eiganda:** Við eigendaskipti vegna andláts skulu allir erfingjar, eða maki sem hefur búsetuleyfi, undirrita tilkynningu um eigendaskipti. Með tilkynningunni skal framvísa búsetuleyfi, einkaskiptaleyfi, eignaskiptagerð eða yfirlýsingu sýslumanns og skulu öll þessi skjöl vera staðfest af sýslumanni. Ef tilteknum aðila hefur verið veitt umboð til undirritunar fyrir hönd erfingja eða maka skal framvísa umboði.

**Greiðsla:** Greiða þarf fyrir tilkynningu um eigendaskipti, kr. 2.530, samkvæmt gjaldskrá Umferðarstofu. Ef greitt er með millifærslu skal leggja inn á reikning 515-26-5802. Kennitala Umferðarstofu er 660802-3120. Jafnframt skal senda kvittun á [eigandi@us.is](mailto:eigandi@us.is) og setja fastanúmer ökutækisins í skýringu.

**Kaupverð:** Með því að fylla út kaupverð á tilkynningu um eigendaskipti staðfesta kaupandi og seljandi hvert verð ökutækisins var í viðskiptum þeirra á milli. Verðið skráist sjálfkrafa á skattframtal kaupanda og seljanda.

**Kílómetragjald samkvæmt álestri:** Ef kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald er greitt eftir akstri skal lesið af öikumæli fyrir afhendingu tilkynningar um eigendaskipti hjá Umferðarstofu eða skoðunarstofu, samkvæmt lögum um olúgjald og kílómetragjald. Eigendaskipti eru ekki skráð nema kílómetragjald samkvæmt þeim álestri hafi verið greitt.

**Móttaka og skráning tilkynninga:** Tilkynningu um eigendaskipti skal framvísa hjá Umferðarstofu eða á skoðunarstöð innan 7 daga frá því að eigendaskipti áttu sér stað. Skráning eigendaskipta fer þó eingöngu fram hjá Umferðarstofu. Vilji aðilar láta skrá eigendaskiptin samstundis verður að koma tilkynningu bent til Umferðarstofu.

**Skráningarskrírteini:** Eftir skráningu eigendaskipta er gefið út nýtt skráningarskrírteini og afhent eða sent eiganda/umráðamanni.

**Skráningu hafnað:** Ef tilkynning er ekki fullnægjandi eru eigendaskipti ekki skráð. Umferðarstofa tilkynnir bréflaga bæði kaupanda og seljanda ef tilkynning er ekki fullnægjandi.

**Tilkynnandi eigendaskipta:** Seljandi og kaupandi bera báðir ábyrgð á að tilkynna um eigendaskipti að ökutæki. Aðilum er bent á að halda eftir eintaki af tilkynningunni með því að ljósrita frumritið eða undirrita aukaeintök. Einnig er gott að gera kaupsamning/afsal vegna viðskiptanna, ef deilur koma upp síðar. Engin skylda hvílir þó á aðilum til þess.

**Undirritun:** Seljandi, kaupandi, meðeigandi og umráðamaður skulu sjálfir undirrita tilkynningu. Ef undirritað er fyrir þeirra hönd skal umboð fylgja tilkynningu (sjá Efni umboðs). Prókuruhafi, samkvæmt skráningu í fyrirtækja- og hlutafélagaskrá ríkisskattstjóra, skal undirrita fyrir hönd lögaðila með því að rita pr.pr. fyrir framan nafn sitt. Sé undirritun ógreinileg áskilur Umferðarstofa sér rétt til að hafna tilkynningu um eigendaskipti.

**Vanrækslugjald:** Samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja er óheimilt að skrá eigendaskipti að ökutæki ef á því hvílir vanrækslugjald.

**Vátryggingafélag:** Tilgreina skal vátryggingafélag sem hinn nýi eigandi (umráðamaður) ætlar að vátryggja ökutæki hjá, samkvæmt umferðarlögum. Ekki þarf að tilgreina tryggingafélag ef ökutæki er eftirvagn eða tengitæki (t.d. hjólhýsi eða tjaldevagn) og skal þá merkja í viðeigandi reit.

**Vitundarvottar:** Votta þarf undirskrift seljanda/meðeiganda og kaupanda/meðeiganda. Vottar skulu rita nafn sitt og kennitölu og vera orðnir 18 ára.

**Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umferðarstofu - [www.us.is](http://www.us.is)**